Landsvirkjun

# Samandreginn árshlutareikningur 1.1.-31.3.2025



# Efnisyfirlit

Lykilstærðir....3

Helstu upplýsingar....4

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .... 5

Rekstrarreikningur.... 6

Yfirlit um heildarafkomu.... 7

Efnahagsreikningur .... 8

Eiginfjáryfirlit.... 9

Sjóðstreymisyfirlit .... 10

Skýringar.... 11

HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Jafnlaunagreining PwC 2024

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

JAFNLAUNAVOTTUN 2025 - 2028

2024 Opinbert fyrirmyndarfyrirtæki

# Lykilstærðir

## Rekstrartekjur




## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




## Handbært fé frá rekstri




## Nettó skuldir







Uppsett afl **2.158 MW**

15 Vatnsaflsst. **2.001 MW**

3 Jarðvarmast. **155 MW**

2 Vindmyllur **2 MW**

# Helstu upplýsingar

## Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

**Fjárhæðir í þúsundum USD**

| | 2025<br>1.1.-31.3. | 2024<br>1.1.-31.3. | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. | 2021<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 162.710 | 142.354 | 162.032 | 174.884 | 117.907 |
| Innleystar áhættuvarnir | ( 285) | 1.370 | 13.391 | ( 27.836) | ( 5.118) |
| **Rekstrartekjur samtals** | 162.425 | 143.724 | 175.423 | 147.048 | 112.789 |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður | ( 44.977) | ( 38.550) | ( 37.452) | ( 40.562) | ( 37.399) |
| **Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA )** | 117.448 | 105.174 | 137.971 | 106.486 | 75.390 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 24.730) | ( 25.006) | ( 26.579) | ( 26.470) | ( 26.558) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 92.718 | 80.168 | 111.392 | 80.016 | 48.832 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 2.022) | ( 3.164) | ( 2.944) | ( 7.960) | ( 10.002) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 411 | 357 | 227 | 5.230 | 6.009 |
| **Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði** | 91.107 | 77.361 | 108.675 | 77.286 | 44.839 |
| **Óinnleystir fjármagnsliðir:** | | | | | |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | 9.480 | ( 22.668) | 14.953 | 162.243 | 3.124 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiða | ( 390) | ( 807) | 34.723 | ( 62.119) | ( 12.087) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 4.981) | 2.462 | ( 9.253) | 788 | 4.909 |
| | 4.109 | ( 21.013) | 40.423 | 100.912 | ( 4.054) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 95.216 | 56.348 | 149.098 | 178.198 | 40.785 |
| Tekjuskattur | ( 37.073) | ( 21.802) | ( 57.510) | ( 65.670) | ( 13.172) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 58.143 | 34.546 | 91.588 | 112.528 | 27.613 |
| **Efnahagur** | **31.3.2025** | **31.3.2024** | **31.3.2023** | **31.3.2022** | **31.3.2021** |
| Eignir samtals | 3.527.256 | 3.641.298 | 3.815.436 | 3.916.953 | 3.751.050 |
| Eigið fé samtals | 2.361.807 | 2.397.952 | 2.388.164 | 2.326.721 | 2.129.900 |
| Skuldir samtals | 1.165.449 | 1.243.346 | 1.427.272 | 1.590.232 | 1.621.150 |
| Nettó skuldir * | 590.533 | 601.873 | 711.336 | 974.454 | 1.227.793 |
| **Sjóðstreymi** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** |
| Veltufé frá rekstri (FFO) | 112.300 | 102.265 | 132.218 | 97.241 | 64.489 |
| Handbært fé frá rekstri | 104.138 | 101.316 | 144.419 | 101.050 | 64.725 |
| Fjárfestingar | ( 23.736) | ( 8.122) | ( 6.579) | 11.143 | 1.998 |
| Fjármögnun | ( 72.862) | ( 12.834) | ( 177.454) | ( 76.837) | ( 12.439) |
| **Lausafé** | **31.3.2025** | **31.3.2024** | **31.3.2023** | **31.3.2022** | **31.3.2021** |
| Handbært fé | 88.911 | 164.884 | 113.578 | 102.168 | 113.673 |
| Óádregin lán | 125.000 | 125.000 | 150.000 | 150.000 | 150.000 |
| Lausafé alls | 213.911 | 289.884 | 263.578 | 252.168 | 263.673 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Arðsemi eiginfjár ** | 7,7% | 6,4% | 6,0% | 10,4% | 3,1% |
| Eiginfjárhlutfall | 67,0% | 65,9% | 62,6% | 59,4% | 56,8% |
| Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) ** | 40,95x | 43,10x | 18,00x | 8,92x | 5,89x |
| Veltufé frá rekstri / nettó skuldir ** | 68,9% | 74,7% | 64,3% | 32,9% | 16,2% |
| Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld ** | 14,10x | 13,64x | 12,70x | 7,70x | 4,68x |
| Nettó skuldir / EBITDA ** | 1,40x | 1,30x | 1,46x | 2,68x | 4,96x |
| **Lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar í lok mars** | | | | | |
| Standard & Poor's | A- | A- | BBB+ | BBB+ | BBB |

* Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé

** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34* um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma árshlutareikning félagsins þar sem færð er hlutdeild í afkomu dótturfélaganna Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjunar Power ehf. og hlutdeildarfélaga. Ekki er gerður samstæðuárshlutareikningur. Árshlutareikningur þessi hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum fyrirtækisins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu janúar til mars 2025 58,1 milljón USD, en hagnaður félagsins á sama tímabili árið 2024 var 34,5 milljónir USD. Hækkun á milli tímabila nemur 23,6 milljónum USD. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru jákvæðar um 9,1 milljón USD á tímabilinu janúar til mars 2025 en voru neikvæðar um 23,5 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Tekjur félagsins námu 162,4 milljónum USD á tímabilinu en voru 143,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 104,1 milljón USD á tímabilinu en var 101,3 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Í lok mars 2025 nam handbært fé samtals 88,9 milljónum USD og óádregin lán 125,0 milljónum USD eða alls 213,9 milljónir USD. Eigið fé í lok mars var 2.361,8 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.303,8 milljónir USD í árslok 2024. Á aðalfundi 14. apríl sl. var samþykkt að eigendum Landsvirkjunar yrði greiddur arður að fjárhæð 195,0 milljónir USD vegna ársins 2024.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, *IAS 34* , eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. mars 2025, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til mars 2025.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til mars 2025 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir árshlutareikning fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. maí 2025.

Í stjórn félagsins:
Brynja Baldursdóttir
Berglind Ásgeirsdóttir
Hörður Þórhallsson
Sigurður Magnús Garðarsson
Þórdís Ingadóttir

Forstjóri:
Hörður Arnarson

# Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2025<br>1.1.-31.3. | 2024<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Raforkusala | 6 | 141.780 | 128.057 |
| Innleystar áhættuvarnir | | ( 285) | 1.370 |
| Aðrar tekjur | | 20.930 | 14.297 |
| | | 162.425 | 143.724 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Orkuvinnsla | | 54.493 | 48.491 |
| Almennar rannsóknir | | 3.174 | 2.471 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 12.040 | 12.594 |
| | | 69.707 | 63.556 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 92.718 | 80.168 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 4.272 | 4.757 |
| Vaxtagjöld | | ( 6.486) | ( 7.891) |
| Gjaldeyrismunur | | ( 4.789) | 2.432 |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | | 9.480 | ( 22.668) |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga | | ( 390) | ( 807) |
| | 7 | 2.087 | ( 24.177) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 411 | 357 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 95.216 | 56.348 |
| Tekjuskattur | | ( 37.073) | ( 21.802) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 58.143 | 34.546 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Yfirlit um heildarafkomu

| | 2025<br>1.1.-31.3. | 2024<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | 58.143 | 34.546 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:** | | |
| Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, breyting | ( 496) | ( 588) |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:** | | |
| Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga | 349 | ( 121) |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals | ( 147) | ( 709) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 57.996 | 33.837 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 2.830.150 | 2.836.572 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | | 35.876 | 28.874 |
| Undirbúningskostnaður | | 136.473 | 129.632 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 50.369 | 50.475 |
| Afleiðusamningar | 8 | 41.670 | 33.517 |
| Dótturfélög | | 8.560 | 8.201 |
| Hlutdeildarfélög | | 5.628 | 5.303 |
| Lán til tengdra aðila | | 190.483 | 186.326 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 723 | 690 |
| Fastafjármunir samtals | | 3.299.932 | 3.279.590 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 73.889 | 58.572 |
| Kröfur á tengda aðila | | 43.496 | 41.028 |
| Afleiðusamningar | 8 | 13.164 | 12.051 |
| Eignir til sölu | | 7.864 | 7.864 |
| Handbært fé | | 88.911 | 78.781 |
| Veltufjármunir samtals | | 227.324 | 198.296 |
| **Eignir samtals** | | 3.527.256 | 3.477.886 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigendaframlög | | 586.512 | 586.512 |
| Bundin hlutdeild | | 3.355 | 3.172 |
| Þýðingarmunur | | ( 16.303) | ( 16.652) |
| Annað eigið fé | | 1.788.243 | 1.730.779 |
| Eigið fé samtals | | 2.361.807 | 2.303.811 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 556.813 | 563.096 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | 41.289 | 39.204 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 263.267 | 255.117 |
| Leiguskuldbinding | | 12.274 | 8.375 |
| Afleiðusamningar | 8 | 1.033 | 2.337 |
| | | 874.676 | 868.129 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 11 | 137.970 | 37.650 |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 122.631 | 182.631 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 28.624 | 83.287 |
| Skuld við tengd félög | | 161 | 499 |
| Afleiðusamningar | 8 | 1.387 | 1.879 |
| | | 290.773 | 305.946 |
| Skuldir samtals | | 1.165.449 | 1.174.075 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.527.256 | 3.477.886 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Eiginfjáryfirlit

| | Eigenda- framlög | Bundin hlutdeild | Þýðingar- munur | Annað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 31. mars 2025** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2025 ...................................... | 586.512 | 3.172 | ( 16.652) | 1.730.779 | 2.303.811 |
| Þýðingamunur ........................................................ | | | 349 | | 349 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting ........................ | | | | ( 496) | ( 496) |
| Hagnaður tímabilsins ....................................... | | | | 58.143 | 58.143 |
| Heildarhagnaður ............................................... | | 0 | 349 | 57.647 | 57.996 |
| Hlutdeild í hagn. dóttur- og hlutd.fél. millif... | | 183 | | ( 183) | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2025 ...................................... | 586.512 | 3.355 | ( 16.303) | 1.788.243 | 2.361.807 |
| | | | | | |
| **1. janúar til 31. mars 2024** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2024...................................... | 586.512 | 2.199 | ( 16.449) | 1.791.852 | 2.364.114 |
| Þýðingamunur ........................................................ | | | ( 121) | | ( 121) |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting ........................ | | | | ( 588) | ( 588) |
| Hagnaður tímabilsins....................................... | | | | 34.546 | 34.546 |
| Heildarhagnaður ............................................... | | 0 | ( 121) | 33.958 | 33.837 |
| Hlutdeild í hagn. dóttur- og hlutd.fél. millif... | | 87 | | ( 87) | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2024...................................... | 586.512 | 2.286 | ( 16.570) | 1.825.724 | 2.397.952 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit

| | 2025<br>1.1.-31.3. | 2024<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður | 92.718 | 80.168 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 24.730 | 25.006 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | ( 577) | ( 581) |
| Aðrar breytingar | 68 | ( 2) |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | 116.939 | 104.591 |
| Rekstrartengdar eignir og skuldir, breyting | 14.355 | 16.578 |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | 131.294 | 121.169 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 1.827 | 1.851 |
| Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur | ( 9.195) | ( 6.921) |
| Greiddir skattar | ( 19.788) | ( 14.783) |
| Handbært fé frá rekstri | 104.138 | 101.316 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Aflstöðvar í rekstri | ( 3.798) | ( 3.719) |
| Aflstöðvar í byggingu | ( 3.849) | 0 |
| Virkjunarundirbúningur | ( 5.670) | ( 3.156) |
| Innborgaður arður | 34 | 0 |
| Aðrar fjárfestingar | ( 10.458) | ( 1.260) |
| Seldar eignir | 5 | 13 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 23.736) | ( 8.122) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir lána til langs tíma | ( 72.862) | ( 12.834) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 72.862) | ( 12.834) |
| **Breyting á handbæru fé** | 7.540 | 80.360 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | 2.590 | ( 732) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 78.781 | 85.256 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 88.911 | 164.884 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

## 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Katrínartúni 2, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2024 fyrir utan það að félagið hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2025, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Hægt er að nálgast ársreikninginn fyrir árið 2024 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadölum, sem er starfrækslumynt félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Öll starfsemi félagsins fellur undir einn starfsþátt, en tilgangur Landsvirkjunar samkvæmt lögum er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Orkuvinnsla Landsvirkjunar byggist á vatnsafli, jarðhita og vindi. Landsvirkjun selur alla raforku sína á Íslandi, annars vegar í heildsölu til raforkusmásala og hins vegar beint til stórnotenda.

## 6. Rekstrartekjur

| Raforkusala greinist þannig: | 2025<br>1.1.-31.3. | 2024<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Heildsala | 40.675 | 38.446 |
| Iðnaður | 101.105 | 89.611 |
| Raforkusala samtals | 141.780 | 128.057 |

# Skýringar, frh.:

## 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig: | 2025<br>1.1.-31.3. | 2024<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 4.272 | 4.757 |
| Vaxtagjöld | ( 6.640) | ( 7.757) |
| Ábyrgðargjald | ( 138) | ( 134) |
| Eignfærðir vextir | 292 | 0 |
| Vaxtagjöld samtals | ( 6.486) | ( 7.891) |
| Innleystur gjaldeyrismunur | 192 | ( 30) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 4.981) | 2.462 |
| Gjaldeyrismunur samtals | ( 4.789) | 2.432 |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | 9.480 | ( 22.668) |
| Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga | ( 390) | ( 807) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 2.087 | ( 24.177) |

## 8. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

| | 31.3.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 51.607 | 42.127 |
| Hrávöruvarnir | 3.047 | 3.441 |
| Gjaldmiðlasamningar | 180 | 0 |
| | 54.834 | 45.568 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 41.670 | 33.517 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 13.164 | 12.051 |
| | 54.834 | 45.568 |
| **Skuldir:** | | |
| Hrávöruvarnir | 2.420 | 2.984 |
| Gjaldmiðlasamningar | 0 | 1.232 |
| | 2.420 | 4.216 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 1.033 | 2.337 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 1.387 | 1.879 |
| | 2.420 | 4.216 |

## 9. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | | 31.3.2025 | | 31.12.2024 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Loka-gjalddagi** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** |
| Skuldir í EUR | 2026 | 2,8% | 162.200 | 3,2% | 156.164 |
| Skuldir í USD | 2025-2035 | 3,9% | 517.244 | 3,9% | 589.563 |
| | | | 679.444 | | 745.727 |
| Afborganir næsta árs | | | ( 122.631) | | ( 182.631) |
| Skuldir til langs tíma samtals | | | 556.813 | | 563.096 |

Vaxtakjör af lánum voru á bilinu 2,8-6,3%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,6%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2024: 3,8%).

## 9. Skuldir, frh.:

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

| | **31.3.2025** |
|---|---|
| 1.4.2025-31.3.2026 | 122.631 |
| 1.4.2026-31.12.2026 | 177.445 |
| 2027 | 27.619 |
| 2028 | 131.764 |
| 2029 | 69.384 |
| 2030 | 119.384 |
| Síðar | 31.217 |
| | 679.444 |

## 10. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði lána til tengdra aðila og langtímaskulda

| | **31.3.2025** | | **31.12.2024** | |
|---|---|---|---|---|
| | **Bókfært verð** | **Gangvirði** | **Bókfært verð** | **Gangvirði** |
| Vaxtaberandi lán til Ríkissjóðs | 227.327 | 233.256 | 223.305 | 226.710 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | ( 679.444) | ( 681.160) | ( 745.727) | ( 741.939) |

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi lána til tengdra aðila og langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

| Vextir greinast þannig: | **31.3.2025** | **31.12.2024** |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi eignir og skuldir USD | 2,8 til 6,3% | 2,8 til 6,3% |
| Vaxtaberandi eignir og skuldir EUR | 2,8 til 3,5% | 3,2 til 3,5% |

## 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 31.596 | 1.029 |
| Áfallnir vextir | 6.498 | 6.795 |
| Virðisaukaskattur | 27.467 | 15.468 |
| Ógreiddur tekjuskattur vegna fyrra árs | 55.848 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16.561 | 14.358 |
| | 137.970 | 37.650 |

## 12. Flokkun gangvirðis

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

| | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| **31.3.2025** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 51.607 | 51.607 |
| Aðrar afleiður | 806 | | 806 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 723 | 723 |
| | 806 | 52.330 | 53.136 |
| **31.12.2024** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 42.127 | 42.127 |
| Aðrar afleiður | ( 775) | | ( 775) |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 690 | 690 |
| | ( 775) | 42.817 | 42.042 |

## 13. Önnur mál

Á aðalfundi hinn 14. apríl sl. var samþykkt að eigendum Landsvirkjunar yrði greiddur arður að fjárhæð 195,0 milljónir USD vegna ársins 2024.

Samkeppniseftirlitið tilkynnti Landsvirkjun með bréfi dagsettu 9. febrúar 2024 að það hefði ákveðið að hefja rannsókn á því hvort að ákvæði í samningum við stórnotendur sem kveða á um að óheimilt sé að endurselja raforku samkvæmt langtímaraforkusamningum, nema með samþykki Landsvirkjunar, brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga eða ákvæði EES samningsins.

Í kjölfar kvörtunar hefur Samkeppniseftirlitið frá árinu 2020 haft til skoðunar og rannsóknar hvort að þátttaka Landsvirkjunar í tapaútboðum Landsnets hf. á tímabilinu 2017-2021 hafi falið í sér brot á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið sendi Landsvirkjun andmælaskjal og skilaði Landsvirkjun inn greinargerð vorið 2024.

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA óskaði eftir upplýsingum frá Landsvirkjun í júní 2024 vegna kvörtunar sem barst stofnuninni vegna synjunar Landsvirkjunar á sölu á raforku til rafeldsneytisverkefna. Þann 28. apríl tilkynnti ESA Landsvirkjun á fundi að þann 30. apríl myndi ESA formlega tilkynna um ákvörðun um að opna rannsókn í málinu þar sem rannsaka ætti mögulegt brot á 54. gr. EES samningsins. Eingöngu er um að ræða ákvörðun um að opna rannsókn og felur ekki í sér að brot hafi átt sér stað.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar í júní 2024 fór Landsvirkjun fram á við Landsnet hf. að ólögmætt innmötunargjald yrði endurgreitt. Landsnet endurgreiddi Landsvirkjun gjaldið í janúar 2025, 2,4 milljarða. Landsvirkjun hefur jafnframt endurgreitt viðskiptavinum sínum þá fjárhæð sem rukkuð var á því tímabili sem innmötunargjaldið var innheimt og voru þessar fjárhæðir færðar til lækkunar á viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í árslok 2024. Endanlegu uppgjöri er lokið.